

Sp.

93. Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1941.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefir nú að þessu sinni ekki þurft að nota jafnlangan tíma til undirbúnings við afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins til 2. umræðu eins og venja er til. Þetta stafar af því, að eigi eru liðnir nema rúmlega tveir mánuðir síðan Alþingi lagði smiðshöggið á afgreiðslu fjárlaganna fyrir yfirstandandi ár. Þá var styrjöldin skollin á fyrir nokkru og afleiðingar hennar farnar að koma í ljós, meðal annars í vaxandi dýrtíð og síaukinni hættu á siglingaleiðum. Bar afgreiðsla fjárlaganna að ýmsu leyti merki þess, hversu komið var.

Það er augljóst mál, að þess er enginn kostur nú að gera sér til nokkurrar hlitar fullnægjandi grein fyrir því, hver áhrif styrjaldarástandið muni hafa á hag og afkomu íslensku þjóðarinnar á þessu eða næsta ári. Það er öllum nú hulinn leyndardómur. Hitt er víst, að hver dagurinn, sem liður, getur orðið örlagaríkur fyrir þjóðina, eins og sjóhernaðinum er nú komið. Þetta óvissu- og öryggisleysisástand gerir það að verkum, að það er miklum erfiðleikum háð að gera áætlanir fyrir framtíðina þannig úr garði, að líkur séu til, að þær fái staðizt.

Meðan svona stendur verður eigi hjá því komizt að miða allar framkvæmdir að meira eða minna leyti við yfirstandandi tíma. Það leiðir því af sjálfu sér, þegar nú á að fara að ganga frá afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1941, að menn renni nokkuð blint í sjóinn um það, hvernig þeirri afgreiðslu skuli haga.

Afleiðingin af þessu hlýtur því óhjákvæmilega að verða sú, að afgreiðslu á fjárlögum fyrir árið 1941 verði að haga í aðaldráttum með hliðsjón af þeim horfum og útliti, sem nú blasir við.

Þar sem ástandið í þessu efni hefir ekki tekið miklum breytingum frá síðustu áramótum, þá er ekki óeðlilegt, þó fjárlagafrumvarpið verði hvað snertir hinar tölulegu niðurstöður afgreitt í svipuðu formi og fjárlög þau, er nú gilda.

En hitt er aftur á móti alveg sjálfsögð öryggisráðstöfun, sökum óvissunnar um tekjuöflunarmöguleika ríkissjóðsins á næsta fjárhagsári, að láta ríkisstjórnina hafa miklum mun rýmri heimildir en hún hefir í núgildandi fjárlögum til að láta greiðslur úr ríkissjóði niður falla, ef tekjurnar bregðast.

Með þessum forsendum hefir fjárveitinganefnd gert tillögur um hækkanir á nokkrum liðum til verklegra framkvæmda í 13. og 16. gr. fjárlagafrumvarpsins, og sömuleiðis tekið upp fjárveitingu til vitabygginga, og mun verða gerð grein fyrir ástæðum nefndarinnar fyrir þessum breytingum. Þá hefir nefndin og borið fram tillögur um lækkanir og niðurfellingar á nokkrum liðum fjárlagafrv., eins og síðar greinir.

Þá ber nefndin einnig fram tillögur um hækkunir á áætlunarupphæð nokkurra tekjuliða.

Nefndin vill láta þess getið, að hún hefir átt samræður við ríkisstjórnina um afgreiðslu fjárlagafrv., og eru aðalbreytingarnar á útgjaldahlið frumvarpsins gerðar með hennar vitund.

Nefndin flytur nokkrar breytingartill., sem valda hækkun, og nema þær alls 1015200 kr. Hækkunir skiptast í höfuðatriðum þannig:

13. gr. Samgöngumál	259500 kr.
14. — Kirkju- og kennslumál	51300 —
16. — Verklegar framkvæmdir	665800 —
20. — Eignabreytingar	30000 —
Aðrar hækkunir	8600 —

Útgjöld ríkisins á rekstrarreikningi, talin í heilum þúsundum, samkvæmt tillögum nefndarinnar áætluð

17555000 kr.
18328000 —

Tekjuafgangur á rekstrarreikningi frv. er eins og n. gengur frá því við þessa umr. 772920 kr., eða 52600 kr. lægri en í frv. stj., og greiðsluhallinn nær 252553 kr., eða um 82 þús. kr. meiri en í frv. stj.

Nefndin á enn eftir að athuga ýms erindi, sem henni hafa borizt, ásamt fleira, áður en endanlega verður gengið frá frv. af n. hálfu.

Verður þá með fáum orðum vikið að þeim greinum frv., sem breytingartill. n. einkum snerta.

TEKJUBÁLKURINN

Hækkunir á tekjuliðum 2. gr. frv., sem breytingartill. n. bera með sér, nema 500 þús. kr. og á 3. gr. 50 þús. kr. Svo sem fyrr er getið, er ekki hægt að fullyrða neitt um það, hversu vissir tekjustofnar ríkisins kunna að reynast árið 1941, en sjónarmið n. felst í till. hennar um tekjur og gjöld og heimildinni til ríkisstjórnarinnar um að draga úr útgjöldum ríkisins, ef nauðsyn krefur.

GJALDABÁLKURINN

Lækkunir á gjaldliðum ýmissa greina frv. nema samtals 382600 kr. Lækkun gjalda og hækkun tekna eftir till. n. nema alls 932600 kr., en gjaldahækkunir 1015200 kr., hækkun umfram lækkun 82600 kr.

Hækkunartill. n. snerta einkum eftirtaldar greinar:

13. gr.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár var tekin upp sú stefna, að stöðva fjárveitingar til nýrra framkvæmda, sem erlent efni þurfti til. Var þó gerð nokkur undantekning um þetta að því er snertir vitabyggingar á þessu ári. En jafnframt því, sem þessi ákvörðun var tekin, var nokkuð rýmkað um fjárframlög til aukningar á akvegakerfi landsins og vegalagningunum hagað þannig, að það færi saman, að bætt yrði úr brýnni og aðkallandi þörf fyrir samgöngubætur og að vinnunni yrði skipt þannig, að þar gætu sem flestir notið góðs af. Þá var fé því, sem innheimt er með benzínskatti, skipt niður til vegalagninga á öllum höfuðsamgönguleiðum landsins.

Þessari sömu stefnu hefir nefndin í aðaldráttum fylgt í tillögum sínum um þessi mál. Ef tillögur nefndarinnar um breytingar á fjárframlögum til nýrra akvega verða samþykktar, hækkar framlagið til þeirra í heild lítilsháttar frá því, sem ákveðið er í núgildandi fjárlögum. Veldur þar mestu hækkunin, sem er í frv. á fjárframlagi til Vatnsskarðsvegar og tillögur nefndarinnar um viðbótarfjárveitingu til Siglufjarðarskarðs.

Þá hefir nefndin gert tillögur um að hækka nokkuð fjárframlög til hafnargerða og lendingarbóta. Er þar eingöngu um að ræða áframhald á verki, sem hafið er og þannig stendur á um, að hafnarbæturnar koma því aðeins að notum, að hægt sé að koma þessum fyrirhuguðu viðbótum í framkvæmd.

14. gr.

Hækkun umfram lækkun á þessari grein nemur um 35 þús. kr. Nefndin tók upp aftur 20 þús. kr. stofnkostnað héraðsskóla, en 15 þús. kr. stafa af ákvæðum hinna nýju héraðsskólalaga snertandi rekstrarstyrkinn.

16. gr.

Í meðförum nefndarinnar hefir hækkun á þessari grein orðið 665800 kr. Aðal-hækkanirnar eru í sambandi við jarðræktarstyrkinn, sauðfjárveikina, ýmsa bygg-ingastyrki, fyrirhleðslu vatna í Rangárvallasýslu, ræktunarvegi o. fl.

Þótt nefndin hafi hækkað jarðabótastyrkinn nokkuð frá því, sem hann er í frv. stj., er hann þó miklu lægri en undanfarandi ár. Byggist þetta á því, að ætla má, að jarðrækt minnki til muna og húsabætur falli niður að mestu eða öllu leyti 1941, að óbreyttu ástandi. N. hefir ekki séð sér fært að gera verulegar breytingar á fjárfram-lögum vegna sauðfjársýkinnar frá því, sem fjárlög þ. á. ákveða.

Um styrk til bygginga, bæði nýbýla og endurbygginga í sveitum, má geta þess, að nú þegar hefir verið byggt svo mikið, að þó að fjárhæð sú, sem ákveðin er í fjár-lögum þ. á., standi óskert í fjárl. 1941, verður ekki fullnægt þeim styrkbeiðnum, sem fyrir liggja nú og snerta þær húsbyggingar, sem þegar er lokið við. Með því að líkur henda til, að nýbyggingar verði ekki reistar, miðaði n. till. sínar eingöngu við þegar unnin verk.

Hið sama má segja um fjárveitinguna til byggingar- og landnáms sjóðs og til verkamannabústaða í bæjum og kaupúnum; hún er nær eingöngu miðuð við, að nýbyggingar falli niður.

Um fyrirhleðslu vatna í Rangárvallasýslu má geta þess, að verkinu verður að halda áfram, meðal annars til að tryggja það, að unnið verk eyðileggist ekki.

Frystihúsastyrkurinn er ekki miðaður við nýjar byggingar. — Styrkur til rækt-unarvega er tekinn upp eins og hann er í fjárl. þ. á. — Aðrar hækkunartill. á þessari grein þurfa engra skýringa.

20. gr.

Nefndinni er vel ljóst, að framlög til vitabygginga þyrftu að vera mjög rifleg. Í frv. eins og það kom til n. var engin fjárveiting til vitabygginga. Til þess að sýna viðleitni í sambandi við þetta nauðsynjamál, leggur n. til, að veittar verði 30 þús. kr. til nýrra vita.

Alþingi, 8. marz 1940.

Pétur Ottesen,
form.

Emil Jónsson,
fundaskr.

Bjarni Bjarnason,
frsm.

Helgi Jónasson.
Sigurður Kristjánsson.

Þorst. Þorsteinsson.
Páll Hermannsson.

Bernh. Stefánsson.
Sigurður E. Hlíðar.